



FUNDARGERÐ 6. ÞINGS ASI-UNG

11. SEPTEMBER 2020

## Efnisyfirlit

Þingsetning og ávarp forseta ASÍ-UNG .....	3
Kosning fundarstjóra og ritara .....	3
Ávarp forseta ASÍ .....	4
Skýrsla stjórnar .....	5
Lagabreytingatillögur .....	6
Kosning til stjórnar .....	11
Önnur mál .....	14
Þingslit .....	14
Viðauki 1 – Skýrsla stjórnar .....	15
Viðauki 2 – Þingfulltrúar .....	20

6. þing ASÍ-UNG var haldið þann 20. september 2020 og hófst það kl. 10.00. Til þess að virða þær samkomutakmarkanir sem voru í gildi í samfélaginu vegna heimsfaraldurs Covid-19 var þingið haldið rafrænt og tók dagskrá þess mið af því.

#### Þingsetning og ávarp forseta ASÍ-UNG

**Gundega Jaunlinina**, starfandi formaður ASÍ-UNG, setur þingið og býður þingfulltrúa velkomna. Hún fer yfir fyrirkomulag þingsins sem sé rafrænt vegna Covid-19 og mikilvægt sé að allir sýni ábyrgð með því að fylgja samkomutakmörkunum og nýta þau verkfæri og tækni sem eru til staðar til að koma saman. Það sé mikilvægt að ASÍ-UNG vinni áfram sitt starf varðandi málefni Ungs fólks á vinnumarkaði, bæta og efla starfið bæði inná og útávið.

Gundega fer yfir dagskrána og ítrekar að þetta sé afgreiðsluþing og að því muni öll fræðsla, hópefli og málefnavinna bíða betri tíma.

#### Kosning fundarstjóra og ritara

Lagt er fyrir fundinn að Róbert Farestveit verði fundarstjóri og Halldór Oddsson ritari. Báðir starfsmenn skrifstofu ASÍ. Kosning fer fram með handauppréttingu og eru tillögurnar samþykktar.

Gundega þakkar fyrir sig og gefur Róberti orðið.

#### Róbert Farestveit tekur þá við fundastjórn.

Róbert byrjar á að fara yfir praktísk atriði varðandi framkvæmd rafræns fundar og biður fulltrúa m.a. að gæta þess að rétt nafn sé skráð hjá hverjum og einum. Til þess að þingið teljist marktækt í rafrænu formi þurfi einnig að samþykkja frávík frá þingsköpun þingsins.

Þing ASÍ-UNG samþykkir eftirfarandi frávík á þingsköpum ASÍ-UNG vegna sérstakra aðstæðna.

1. Tryggja skal á hverjum tíma að fundarstjóri getið gengið úr skugga um hvaða þingfulltrúar séu viðstaddir þannig að atkvæðagreiðsla geti farið fram.
2. Alls staðar þar sem í þingsköpum er fjallað um leynilegar atkvæðagreiðslur er nú átt við rafrænar atkvæðagreiðslur sem byggja á rafrænum skilríkjum og íslykli og sem framkvæmdar eru eftir því sem á við skv. reglugerð ASÍ varðandi rafrænar atkvæðagreiðslur.
3. Talning rafrænna atkvæða fer fram undir eftirliti fundarstjóra eða þeirra sem hann hefur skipað til starfsins og taka þeir stöðu teljara.
4. Alls staðar þar sem í þingsköpum er fjallað um kröfur fulltrúa um leynilega atkvæðagreiðslu skal tillögu þar að lútandi skilað til fundarstjóra með rafrænum hætti á netfang starfsmanns, [bergthora@asi.is](mailto:bergthora@asi.is). Tillagan skal tilgreina nöfn þeirra sem slíka tillögu styðja og skal fundarstjóri staðfesta stuðning þeirra með nafnakalli sé þess óskað.
5. Auk þess að hljóðrita til varðveislu allt talað orð skal varðveita öll rafræn samskipti, upplýsingar og gögn sem verða til við rafræna framkvæmd athafna.
6. Þingfulltrúar sem óska eftir að taka til máls skulu beina ósk þar um til fundarstjóra skv. þeim reglum sem hann ákveður.
7. Þar sem fjallað er um atkvæðagreiðslu með handauppréttingu skal fundastjóri tryggja með afgerandi hætti að allir þingfulltrúar geti sýnt fundarstjóra afstöðu sína og hann geti talið atkvæði þeirra.

Þessi tillaga er lögð fyrir fundinn til samþykktar og telst hún svo samþykkt.

Fundarstjóri áréttar að framboðsfrestur til stjórnar renni út kl. 10.40. Þá liggi fyrir tillaga kjörnefndar og sé hún svohljóðandi:

*Til aðalstjórnar:*

*Þessir aðilar verði kjörnir til eins árs nái lagabreytingatillögur stjórnar fram að ganga.*

Alma Pálmadóttir, Efling  
Gundega Jaunlinina, Verkalýðsfélagið Hlíf  
Sindri Már Smáráson, AFL starfsgreinafélag  
Ástþór Jón Tryggvason, Verkalýðsfélag Suðurlands

*Þessir aðilar verði kjörnir til tveggja ára.*

Guðmundur Bek, Stéttarfélag Vesturlands  
Lilja Hrönn Gunnarsdóttir, VR  
Aron Máni Nindel Haraldsson, Félag tæknifólks í rafiðnaði  
Guðmundur Salbergsson, VM  
Magdalena Samsonowicz, Efling

*Til varastjórnar:*

Birkir Snær Guðjónsson, AFL starfsgreinafélag  
Elín Ósk Sigurðardóttir, Stéttarfélag Vesturlands

*Kjörnefnd:*

Pórir Gunnarsson, VR, starfsmaður ASÍ  
Auður Alfa Ólafsdóttir, VR, starfsmaður ASÍ

Þessu til viðbótar sé rými fyrir einn í varstjórn og einn í kjörnefnd séu einhverjir þingfulltrúar sem vilji bjóða sig fram.

**Fundarstjóri** býður forseta ASÍ, Drífu Snædal, velkomna.

[Ávarp forseta ASÍ](#)

**Drífa Snædal** ávarpar þingið og byrjar á að minnst á að ASÍ-UNG sé í raun frumkvöðull í rafrænum þingum í hreyfingunni en nýverið hafi verið tekin ákvörðun um að halda 44. þing ASÍ með sama hætti. Hún sé því spennt að fylgjast með hvernig þetta gangi fyrir sig. Drífa ítrekar að þetta sé þó síðri kostur en staðþing þar sem mikilvægur þáttur þingstarfa sé einmitt að koma saman í málefnavinnu. ASÍ stefni að því að halda afgreiðsluþing að haust en svo framhaldsþing að vori þar sem málefnavinna muni fara fram. Í málefnavinnunni verði umræða um réttlát umskipti í forgrunni.

Því næst snýr hún máli sínu að grunnhugmyndafræði verkalýðshreyfingarinnar. Hún sé stofnuð til að bæta kjör, en einnig að ein manneskja þurfi ekki að standa í baráttu við sinn atvinnurekanda, ekki sé hægt að etja fólki saman til að undirboða, stofnuð séu samtök þar sem þeir sem veikir standa á vinnumarkaði hafi rödd. Þetta hafi verið erfitt en afar mikilvægt skref þegar það var tekið í upphafi. Eitt af meginhlutverkum hennar sé að ljá þeim sem hafa veika rödd stuðning í gegnum samtakamátt hreyfingarinnar.

Drífa segir þetta mjög mikilvægt enn í dag og vísar í þá stöðu sem sé á vinnumarkaði vegna heimsfaraldurs Covid-19, með miklu atvinnuleysi. Atvinnulausir hafi veika rödd á vinnumarkaði. Þá fylgi því einnig stimpill í samfélaginu að vera atvinnulaus þar sem sjálfsmynd Íslendinga tengist mjög störfum þeirra.

Þá segir hún mjög mikilvægt að halda því til haga að íslenska verkalýðshreyfingin sé ein sú sterkasta í heimi, hér sé hæst hlutfall vinnandi fólks í stéttarfélögum, 85-90%. Í löndunum í kringum okkur hafi þetta hlutfall farið hríðlækkandi. Hreyfingin hafi þó verið missterk og misjöfn í gegnum tíðina, róttæk, íhaldssöm og stofnanavörn. Það sé eðli svona hreyfinga að rísa og hníga. Alltaf hafi verið hugmyndafræðileg átök innan hreyfingarinnar enda félagsmenn um 140 þúsund.

Hreyfingin á heimsvísu semur þó ekki bara um kaup og kjör heldur fjallar hún um lífskjör í stóru samhengi. Í þessu samhengi segir hún frá því að þegar, í upphafi, atvinnurekendur á norðurlöndum hafi haft áhyggjur af því hvað fólk ætti að gera í sumarfríi hafi hreyfingin brugðist við með því að kaupa og byggja sumarhús, leigja hjól og

auðvelda fólki að nýta tímann. Þaðan hafi upphafið af okkar orlofshúsum hér á Íslandi komið. Þá eigum við einnig glæsilegt listasafn, fræðslusjóði og -kerfi. Lífeyriskerfi hafi einnig verið byggt upp, og bæði Virk og Bjart á síðari árum. Vinnandi fólk eigi að njóta góðs húsnæðis, góðra lífskjara og þess fallega í lífinu. Þeir sem starfa innan hreyfingarinnar beri ábyrgð á þessu fjöreggi sem hreyfingin er og vera auðmjúk gagnvart vinnunni.

Í lokin leggur forsetinn áherslu á mikilvægi þess að Ungt fólk taki þátt í störfum hreyfingarinnar. Innan hennar geti Ungt fólk haft mjög mikil áhrif. Einnig sé það mikilvægt út frá því að fá nýjar raddir inn í hreyfinguna. Þá segist hún hafa mikinn metnað til að byggja upp ASÍ-UNG. Það sé mikilvægt og starfið þar skili fólki áfram í störf í hreyfingunni. ASÍ-UNG eigi að veita aðhald, vera með „pönk“, senda frá sér róttækar ályktanir og vera gagnrýnin á Alþýðusambandið og krefjast þess að á það sé hlustað. Hún vilji þó gjarnan vera vörud við ef gagnrýna eigi hana á opinberum vettvangi en hún þoli það vel. Ungu fólkið eigi að teygja ramma og veita aðhald. Þá sé mikilvægt að byggja upp tengslanet innan hreyfingarinnar enda séu þau hópurinn sem muni taka við.

Drífa þakkar fyrir sig.

### Skýrsla stjórnar

Starfandi formaður ASÍ-UNG, Gundega Jaunlinina, fer yfir skýrslu stjórnar og helstu verkefni síðustu tveggja ára. Skýrslan í heild er aðgengileg í viðauka 1.

### Verkefni og viðburðir

Stjórn ASÍ-UNG kom að fjölda viðburða þar sem fjallað var um málefni Ungs fólks á vinnumarkaði út frá ólíkum forsendum. Viðburðirnir voru ýmist staðbundnir eða stafrænir.

### Vinnuhelgi stjórnar á Selfossi

Stjórn hélt vinnuhelgi á Selfossi í byrjun febrúar þar sem starfið næsta árið var skipulagt. Meðal þess sem var ákveðið var að hefja vinnu við nýja vefsíðu, standa viðburðum um hugðarefni Ungs fólks á vinnumarkaði, efla viðveru á samfélagsmiðlum og sýnileika innan hreyfingarinnar. Þá var einnig lögð áhersla á að styrkja innviði ASÍ-UNG til þess að efla starfið.

### Ertu með vinnuna í vasanum?

ASÍ-UNG efndi til fundar og pallborðsumræðu um skilin milli vinnu og einkalífs í Stúdentakjallaranum, þann 26. mars 2019. Fundurinn var haldinn í Stúdentakjallaranum þann 26. mars síðastliðinn. Á fundinum var reynt að draga fram ólík sjónarmið og bjóða gestum að ræða við ólíka hópa um hvort og þá hvaða áhrif tæknin hafi á skilin milli vinnu og einkalífs. Á málþinginu viljum við draga fram ólík sjónarmið og bjóða gestum að ræða við fulltrúa ólíkra hópa um hver og hvort tæknin sé farin að hafa áhrif á mörkin milli vinnu og einkalífs.

Með erindi og í pallborði voru, Helgi Dan Stefánsson, sérfræðingur hjá BHM, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, Ragnheiður Kolviðsdóttir, félagsfræðingur, Halldór Oddsson, lögfræðingur ASÍ og Ingibjörg Loftsdóttir, sérfræðingur hjá Virk. Fundarstjóri var Eiríkur Þór Theodórsson, formaður ASÍ-UNG.

### Ungir leiðtogar - námskeið

Ungir leiðtogar er námskeið sem ætlar er að fræða Ungt fólk um verkalýðshreyfinguna og efla það sem leiðtoga, bæði á vinnumarkaði og breiðari vettvangi. Námskeiðið sem var nú haldið í annað sinn var unnið í samvinnu við Félagsmálaskóla alþýðu. Efnið er sniðið að Ungum félögum í verkalýðshreyfingunni, starfsfólki stéttarfélag og Ungu fólki í trúnaðarráðum. Þátttakendur voru öflugir og áhugasamir einstaklingar frá stéttarfélögum víðsvegar um landið og þótti námskeiðið heppnast vel.

Námskeiðið sem áætlað var að halda vorið 2020 féll niður vegna Covid-19.

### Hamfarahlýnun / CPow

ASÍ-UNG tók virkan þátt í CPOW, heimstátaki alþjóðaverkalýðshreyfingarinnar, ITCU, gegn hamfarahlýnun af mannavöldum. Um var að ræða herferð á samfélagsmiðlum þar sem þátttakendur voru hvattir til að vekja máls á efninu á sínum vinnustað.

### **PubQuiz/spurningaleikir**

ASÍ-UNG stóð fyrir nokkrum spurningarkeppnum (e. PubQuiz) á árinu. Í tengslum við 43. Þing ASÍ var öllum þingfulltrúum var boðið til þátttöku á sportbarnum Ölveri, í tengslum við 1. maí hátíðahöld í Borgarnesi, var fólki boðið til leiks á B59 og svo í tengslum við Lýsu á Akureyri í september 2019 var áhugasömum boðið á Götubarinn í léttan leik í september 2019.

### **Hringrásarhagkerfið**

ASÍ-UNG efndi til sófaspjalls um hringrásarhagkerfið í Stúdentakjallaranum þann 13. nóvember. Fjallað var um hringrásarhagkerfið og hvaða áhrif það gæti haft á vinnumarkað framtíðarinnar. Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingur á sviði loftslagsmála og græns samfélags flutti opunarerindi og að því loknu tók við sófaspjall þar sem gestir tóku þátt í umræðum með spurningum og/eða athugasemdum.

### **Fulltrúi í ETUC-Youth Committee**

Ástþór Jón Ragnheiðarson, stjórnarmaður í ASÍ-UNG, var settur fulltrúi ASÍ í ETUC-Youth Committee. Um er að ræða nefnd innan evrópsku verkalýðshreyfingarinnar sem hefur það hlutverk að efla Ungt fólk á vinnumarkaði og tryggja að rödd þess heyrist. Í tengslum við það tók hann þátt í námskeiði/ráðstefnu í Portúgal í lok janúar þar sem þessi mál voru til umfjöllunar.

### **Covid-19 – kynningarefni á samfélagsmiðlum**

Á vormánuðum lét ASÍ-UNG útbúa kynningarefni fyrir samfélagsmiðla þar sem fjallað var um réttindi Ungs fólks á vinnumarkaði í því ástandi sem skapaðist vegna Covid-19. Meðal þess sem tekið var á voru réttindi vegna veikinda barna, réttindi til launa í sóttkví, réttur til hlutabóta og réttindi námsmanna í hlutastörfum.

**Fundarstjóri** ítrekar að frestur til framboðs renni út kl. 10.40. Næsti liður séu lagabreytingatillögur stjórnar. Að því loknu verði svo farið yfir fyrirkomulag rafrænna kosninga áður en opnað verði fyrir umræður um breytingatillögur.

**Bergþóra Guðjónsdóttir**, starfsmaður ASÍ-UNG kveður sér hljóðs og biður um að fá að fara yfir fyrirkomulag kosninga áður en breytingatillögur verði kynntar. Hún fer yfir fyrirkomulag rafrænna kosninga þar sem hlekkur verði settur inn í spjall fundarins, fulltrúar smelli á hann og skrái sig svo inn í gegnum rafræn skilríki. Þá eru allir hvattir til að hafa samband ef þeir lendi í vandræðum. Opnað verði fyrir kosningar um hverja tillögu fyrir sig.

### [Lagabreytingatillögur](#)

Gundega Jaunlinina og Birki Snær Guðjónsson, fulltrúar úr stjórn ASÍ-UNG kynna eftirfarandi lagabreytingatillögur.

*Núgildandi 4. gr. er svohljóðandi:*

Þing Ungs launafólks skal halda a.m.k. einum mánuði fyrir reglulegt þing. Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda einn fulltrúa hvert með full réttindi á þing ASÍ-UNG. Aðildarfélögum er heimilt að senda einn aukafulltrúa á þingið.

Aukafulltrúar eru með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

*Tillaga er um að 4. gr. verði svohljóðandi:*

Þing Ungs launafólks skal halda árlega, fyrir lok nóvembermánaðar og ákveður stjórn ASÍ-UNG þingstað og þingtíma. Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda einn fulltrúa hvert með full réttindi á þing ASÍ-UNG. Aðildarfélögum er heimilt að senda einn aukafulltrúa á þingið.

Aukafulltrúar eru með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Fundarstjóri opnar að umræður um fyrstu breytingatillögu. Þingfulltrúar kveði sér hljóðs með því að skrá nafn sitt í spjall þingsins.

**Aron Máni Nindel Haraldsson, FÍR/RSÍ-UNG** segir RSÍ-UNG samþykkja breytingu um að halda þing árlega en leggi til að það verði áfram haldið í aðdraganda þings ASÍ en ekki eftir það.

**Birkir Snær Guðjónsson, ASÍ-UNG** segir eina helstu ástæðu þess að lagt sé til að færa þingið þar til eftir þing ASÍ sé að stjórn telji að með því þekkist hópurinn betur og geti því mætt sterkari til leiks á næsta þing Alþýðusambandsins. Vill að það komi skýrt fram.

**Halldór Óli Kjartansson, Fél. verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni** segist velta fyrir sér hvort þing ASÍ-UNG vilji ekki frekar leggja áherslu á að geta komið með málefni líðandi stundar inn á þing ASÍ. Það sé langt að bíða í eitt ár. Óskar eftir svári frá stjórn og formanni.

**Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG** segir tímasetningu tvíeggja sverð, annars vegar að hafa það fyrir þing ASÍ og stjórn geti þá lagt tillögur fyrir þingið, og hins vegar að hafa það eftir þingið til þess að stjórn ASÍ-UNG geti tekið afstöðu til þess sem er til umfjöllunar á þinginu. Segir sýna reynslu vera að glæný stjórn nái ekki að móta tillögur fyrir þingið þar sem hópurinn þekkist illa. Betra sé að hafa þingið í kjölfar hins og stjórn get þá tekið afstöðu til þess hvernig þingið var og undirbúið endurbætur fyrir næsta þing ef þörf sé á.

**Aron Máni Nindel Haraldsson, FÍR/RSÍ-UNG** segir reynslu frá RSÍ vera þá að betra sé að menn hittist fyrir stóra þingið frekar en 11 mánuðum fyrir það. Það sé of langur tími. Telur það ekki góða hugmynd.

**Fundarstjóri** ítrekar að ef þingið vilji gera breytingatillögu þurfi hún að berast fullmótuð og að orðið sé enn laust til frekari umræðna.

**Gundega Jaunlinina, formaður ASÍ** tekur undir með Ástþóri, að erfitt sé að mæta inn á þing þegar stjórnin hafi ekki mótað neina stefnu. Það sé því reynsla stjórnar ASÍ-UNG að betra væri að halda þingið í kjölfar þings ASÍ.

**Þór Hinriksson, Félag íslenskra rafvirkja** segir stjórn ASÍ-UNG vísa í nýja stjórn í þessari umræðu en bendir á að einnig liggi fram lagabreytingatillaga um skipan í stjórn sem muni tryggja að sú staða verði ekki uppi þar sem hluti stjórnar sé enn starfandi frá fyrra tímabili. Það sé því betra að mæta með ferskar tillögur en að bíða í 11 mánuði með þær.

**Fundarstjóri** býður stjórn að bregðast við.

**Gundega Jaunlinina, formaður ASÍ-UNG** bendir á að vinnan fari ekki aðeins fram á þingi og því ekkert sem segi að tillögur sem lagðar séu fram séu 11 mánaða gamlar. Þá ítrekar hún telji betra að geta unnið að málefnum saman fyrir þing ASÍ.

**Fundarstjóri** ítrekar að hægt sé að leggja fram breytingatillögur.

**Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG** tekur undir með Gundegu um að stjórn fundi ekki aðeins fyrir þing ASÍ heldur sé vinnan ávallt í gangi. Svarar einnig þeirri vísun að stjórn verði ekki nema að hluta ný með því að það sé aðeins tillaga sem óvíst sé hvort verði samþykkt og taka þurfi afstöðu út frá núgildandi lögum.

**Halldór Óli Kjartansson, Fél. verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni** segist styðja tillögu RSÍ-UNG. Telur að það mætti huga að annarri tímasetningu þar sem ekki sé hægt að koma með breytingatillögu nú. Það sé þeirra að skila því inn á tilsettum tíma. Gott væri að hafa þing ASÍ-UNG í september og þá væri hægt að taka það fyrir á næsta þingi ASÍ. Þá kæmi saman hálf ný stjórn og hálf gömul. Þessi vettvangur, þing ASÍ-UNG sé stærsti vettvangur Ungliðahreyfingarinnar. Þingið sé vettvangur Ungs fólks til að koma tillögum inn á þing ASÍ. Styður einnig þá tillögu að hluti stjórnar verði kjörinn í hverju sinni.

**Fundastjóri** minnir á að ef tillaga verði samþykkt verði þing haldið aftur á næsta ári. Hann lokar því næst umræðum um

**Þór Hinriksson, Félag íslenskra rafvirkja** leggur til að beðið verði með kosningu á þessar breytingatillögu þar til búið verði að kjósa um breytingu á kosningu í stjórn. Þannig sé einnig gefið tækifæri til að móta breytingatillögu á þessum breytingum. Þá verði hægt að bera báðar tillögurnar upp.

**Fundarstjóri** leggur til að allar lagabreytingatillögur verði kynntar áður en til kosninga komi. Spyr hvort einhver andmæli því.

**Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG** spyr hvort ekki verði eftir sem áður kosið um tillögur í þeirri röð sem þær séu kynntar.

**Fundarstjóri** segir svo vera. Þetta fyrirkomulag gefi þó meira rými fyrir gerð breytingatillagna. Hann ítrekar þó að um sé að ræða afgreiðsluþing og rými fyrir breytingatillögur sé ávallt meira á hefðbundnum þingum þar sem menn koma saman. Þar sé betri tími til að fara í tvær umræður.

**Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG** ítrekar að þetta sé stutt afgreiðsluþing og breytingatillögur stjórnar hafi legið fram í talsverðan tíma. Ef fólk sé alvara með því að koma inn með nýjar og stórar breytingar á starfinu hefði það betur kynnt sér tillögurnar fyrir þingið.

**Þorvarður Bergmann, VR** segist telja eðlilegt að kjósa fyrst um breytingu á fyrirkomulagi um stjórnarkjör ef ákvörðun um tímasetningu þings sé háð þeirri niðurstöðu.

**Guðmundur Hermann Salbergsson, VM Félag vélstjóra og málmþæknimanna** segist hafa lesið aftur yfir tillögurnar. Þar komi ekkert fram um hvort þing ASÍ-UNG sé fyrir eða eftir þing ASÍ heldur aðeins að það sé haldið fyrir nóvember. Stjórn geti því ávallt ákveðið hvenær þing sé haldið hverju sinni.

**Fundarstjóri** leggur til að næsta lagabreyting verði kynnt og beðið með kosningar.

**Birkir Snær Guðjónsson, ASÍ-UNG**, kynnir eftirfarandi lagabreytingatillögu.

*Núgildandi 15. gr. er svohljóðandi:*

Þing ASÍ-UNG kys í níu manna stjórn til tveggja ára. Auk þess skal kjósa fimm varamenn til sama tíma.

Kjörgengir sem formaður og í stjórn ASÍ-UNG eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ á aldrinum 18-35 ára.

Kjörnefnd gerir tillögu um níu einstaklinga til stjórnar og fimm til vara.

Þegar tillaga kjörnefndar liggur fyrir er öðrum þingfulltrúum heimilt að lýsa yfir framboði til stjórnar eða varastjórnar innan þess frests sem fundarstjóri veitir. Berist ekki önnur framboð er sjálfkjörið til stjórnar og/eða varastjórnar.

Berist fleiri framboð fer fram leynileg kosning um öll sæti í stjórn ASÍ-UNG. Þeir níu einstaklingar sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir í stjórn ASÍ-UNG. Með sambærilegum hætti er kosið vegna varamanna til stjórnar.

Við kjör stjórnar ASÍ-UNG skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og landssvæða og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í stjórn eða varastjórn ASÍ-UNG nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.



Fulltrúar aðildarfélag fara með atkvæðisrétt í samræmi við þann úthlutaða fjölda fulltrúa aðildarfélag á næsta sambandsþingi ASÍ sem aðildarfélag hefði hlotið sé miðað við félagsmenn á aldrinum 16-35 ára.

*Tillaga er um að 15. Gr. verði svohljóðandi:*

Stjórn ASÍ-UNG skipa níu stjórnarmenn. Varamenn í stjórn eru þrír.

Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn á þingi ASÍ-UNG. Skal kjósa á víxl annars vegar fimm stjórnarmenn og hins vegar fjóra stjórnarmenn. Varamenn í stjórn eru þrír og skal kosið í þær stöður á hverju þingi til eins árs í senn.

Kjörgengir í stjórn ASÍ-UNG eru fullgildir félagsmenn aðildarfélag ASÍ á aldrinum 18-35 ára.

Kjörnefnd gerir tillögu um aðal- og varamenn í stjórn í samræmi við þau sæti sem eru í kjöri hverju sinni sbr. 2. mgr. Í kjörnefnd skal kjósa á hverju þingi þrjá einstaklinga.

Þegar tillaga kjörnefndar liggur fyrir er öðrum þingfulltrúum heimilt að lýsa yfir framboði til stjórnar eða varastjórnar innan þess frests sem fundarstjóri veitir. Berist ekki önnur framboð er sjálfkjörið í embætti.

Berist fleiri framboð fer fram leynileg kosning um öll sæti í stjórn ASÍ-UNG. Þeir einstaklingar sem flest atkvæði fá í þau stjórnarsæti sem kosið er um hverju sinni teljast rétt kjörnir í stjórn ASÍ-UNG. Með sambærilegum hætti er kosið vegna varamanna til stjórnar.

Við kjör stjórnar ASÍ-UNG skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og landssvæða og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í stjórn eða varastjórn ASÍ-UNG nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.

Fulltrúar aðildarfélag fara með atkvæðisrétt í samræmi við þann úthlutaða fjölda fulltrúa aðildarfélag á næsta sambandsþingi ASÍ sem aðildarfélag hefði hlotið sé miðað við félagsmenn á aldrinum 16-35 ára.

Bráðabirgðaákvæði vegna breytingatillögu á tilhögun stjórnarkjörs:  
Á þingi ASÍ-UNG árið 2020 skal kjósa fjóra stjórnarmenn til eins árs.

**Fundarstjóri** gefur orðið laust um ofangreinda lagabreytingatillögu.

**Þór Hinriksson, Félag íslenskra rafvirkja** lýsir yfir eindregnum stuðningi við þessa tillögu. Hún auðveldi starf stjórnar og tryggt sé að reynslan haldist innan stjórnar milli ára. Auðveldara sé að halda áfram með málefni sem taka lengri tíma.

**Birkir Snær Guðjónsson, ASÍ-UNG** tekur undir með RSÍ-UNG og segist telja að þetta bæti verklag og vinnu stjórnar ASÍ-UNG og framvinu mála innan hennar.

**Fundarstjóri** lokar fyrir umræður um þessa tillögur og býður Birki Snæ orðið til að kynna þriðju lagabreytingatillögu, sem snýr að 16. grein.

**Birkir Snær Guðjónsson, ASÍ-UNG**, kynnir eftirfarandi lagabreytingatillögu.

*Núgildandi 16. gr. er svohljóðandi:*

Stjórn ASÍ-UNG skiptir með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar eftir kjör hennar á þingi ASÍ-UNG. Kjósa skal formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn ASÍ-UNG heldur fundi, þegar formaður kalla hana saman, eða ef minnst 3 stjórnarmenn æskja þess.

Fundur stjórnar er lögmætur, þegar meirihluti stjórnarmanna er viðstaddur.

*Tillaga er um að 16. Gr. verði svohljóðandi:*

Stjórn ASÍ-UNG skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar eftir hvert þing ASÍ-UNG. Kjósa skal formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn ASÍ-UNG heldur fundi, þegar formaður kalla hana saman, eða ef minnst þrír stjórnarmenn æskja þess.

Fundur stjórnar er lögmætur, þegar meirihluti stjórnarmanna er viðstaddur.

**Fundarstjóri** opnar fyrir umræður um ofangreinda tillögu. Enginn kveður sér hljóðs og því verði ekki frekari umræður um þessar síðari tillögur. Næst verði því kosið um breytingatillöguna áður en kosið verði um aðaltillöguna sjálfa. Opnað er aftur á umræður um eftirfarandi breytingatillögu sem hefur borist þinginu. Óskað er eftir því Þór Hinriksson, FÍR, kynni tillöguna en eina breytingin felist í tímasetningu þings ASÍ-UNG.

**Þór Hinriksson, Félag íslenskra rafvirkja** kynnir eftirfarandi tillögu.

*Tillaga er um að 4. gr. verði svohljóðandi:*

Þing Ungs launafólks skal halda árlega, fyrir lok septembermánaðar og ákveður stjórn ASÍ-UNG þingstað og þingtíma. Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda einn fulltrúa hvert með full réttindi á þing ASÍ-UNG. Aðildarfélögum er heimilt að senda einn aukafulltrúa á þingið. Aukafulltrúar eru með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Þór leggur áherslu á að ástæður þessarar breytingatillögu séu að auðvelda ASÍ-UNG að koma málefnum inn á þing ASÍ. Þá telji hann að þessi tillaga skuli ekki vera háð fyrirkomulagi stjórnarkjörs. Ef þing ASÍ-UNG sé haldið fyrir lok septembermánaðar sé um mánuður fram að þingi ASÍ sem eigi að duga til að vinna mál þar inn.

**Fundarstjóri** bendir á að eina breytingin felist í því að þing skuli haldið árlega fyrir lok september en snúi ekki að öðrum þáttum, s.s. að þing sé haldið árlega. Þá ítrekar hann einnig ábendingu Guðmundar síðan í umræðum að í raun sé stjórn heimilt að halda þingið í lok september kjósi hún að gera svo.

**Gundega Jaunlinina, formaður ASÍ-UNG** tekur undir með fundarstjóra að skv. tillögum stjórnar geti stjórn hverju sinni ákvarðað tímasetningu þingsins. Það telji hún mikilvægt.

**Þór Hinriksson, Félag íslenskra rafvirkja** segist skilja hlið stjórnar að svigrúmið sé til staðar en telur þó að með þessu sé opnað fyrir möguleikann á að málefni nýrrar stjórnar ASÍ-UNG komist ekki inn á þing fyrir en að tveimur árum liðnum.

**Birkir Snær Guðjónsson, ASÍ-UNG** ítrekar það svigrúm sem lagabreytingatillaga stjórnar felur í sér. Það geti verið erfitt að koma meirihluta stjórnar saman og miðað við núverandi fyrirkomulag sé það hægara sagt en gert. Séu ekki að leggja til að stjórn fari í einræðisgír til að tryggja ákveðin málefni inn á þing umfram önnur, mikilvægt sé að halda því til haga.

**Halldór Óli Kjartansson, Fél. verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni** lýsir yfir stuðningi við breytingatillöguna. Mikilvæg sé að halda þingið í aðdraganda ASÍ þingsins. Svigrúmið sé enn til staðar. Ekki sé

verið að setja út á neinn og hann telji að þingfulltrúar treysti stjórn til að vinna starfs sitt vel. Telur það góða hugmyndafræði að þing ASÍ-UNG sé ávallt haldið í aðdraganda þings ASÍ.

**Fundarstjóri** segir að nú þegar sé hafið ígildi síðari umræðu um tillögur. Hann leggi því til að umræðum verði lokað og opnað verði fyrir kosningar um þá breytingatillögu sem RSÍ-UNG lagði fram.

**Bergþóra Guðjónsdóttir**, starfsmaður ASÍ-UNG opnar fyrir kosningu og ítrekar að aðeins aðalfulltrúar hafi kosningarétt í kosningum þingsins. Kosning um breytingatillögu fari fram með handauppréttingu en til þess nýti þingfulltrúar þar til gerðan valkost í rafrænum fundarbúnaði. Tillögu er varpað upp á skjá á meðan á kosningu stendur.

**Fundarstjóri** fer yfir niðurstöður kosninga. Breytingatillagan telst samþykkt með 13 atkvæðum gegn sex á móti. Sú tillaga verði því borin upp til kosninga sem aðaltillaga.

Fundastjóri opnar því næst fyrir seinni umræður um aðrar lagabreytingatillögur. Enginn hafi kvatt sér hljóðs í fyrri umræðum og sé enginn sem kveði sér hljóðs nú verði farið í að kjósa um allar þrjár lagabreytingarnar eins og þær standa nú. Kosið verði fyrst um samþykta breytingatillögu á 4. grein, svo seinni tvær varðandi 15. og 16. grein.

**Fundastjóri** lokar fyrir umræður og opnar fyrir kosningar. Að því loknu gefur hann orðið til starfsmanns ASÍ-UNG sem stýrir kosningu.

**Starfsmaður** deilir hlekk að kosningum í spjallþráð þingsins. Hún ítrekar að kosið sé um lagabreytingatillögu á 4. gr. með þeim breytingum sem lagðar voru fram í breytingatillögu og samþykktar. Tillögu er varpað upp á skjá á meðan á kosningu stendur.

**Fundarstjóri** fer yfir og kynnir niðurstöður kosninga. Hann áréttar að tillögur þurfi að fá 2/3 hluta atkvæða til að teljast samþykktar. Tillagan telst samþykkt með 17 atkvæðum gegn 2.

Að því loknu opnar fundarstjóri fyrir kosningu á næstu lagabreytingu, sem snýr að 15. gr. og 16. gr. Kosið er um báðar greinar í einu þar sem breytingin á 16. gr. er aðeins orðalagsbreyting til samræmis við breytingar á 15. grein. Hlekkur er að rafrænum kosningum er settur inn á spjall þingsins og tillögunni varpað upp á skjá meðan kosningu stendur. Endurtaka þarf kosninguna vegna villu sem upp kom í kosningakerfinu. Þingfulltrúar eru því beðnir að kjósa aftur.

Á meðan niðurstöðu er beðið fer fundarstjóri yfir fyrirkomulag stjórnarkosninga sem hefst í kjölfar þessara kosningar.

**Fundarstjóri** fer yfir og kynnir niðurstöður kosninga á 15. og 16. grein sem telst samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### Kosning til stjórnar

**Fundarstjóri** kynnir framboðslista til aðal- og varastjórnar. Tvö nöfn bættust við uppstillingu kjörnefndar til framboðs til aðalstjórnar, Þorvarður Bergmann Kjartansson, VR og Hulda Björnsdóttir, FVSA.

Framboðslisti er eftirfarandi:

#### **Aðalstjórn**

Alma Pálmadóttir	Efling
Gundega Jaunlinina	Verkalýðsfélagið Hlíf
Sindri Már Smáráson	AFL Starfsgreinafélag
Ástþór Jón Tryggvason	Verkalýðsfélag Suðurlands
Guðmundur S. Bek	Stéttarfélag Vesturlands
Lilja Hrönn Gunnarsdóttir	VR
Aron Máni Nindel Haraldsson	Félag tæknifólks í rafiðnaði

Guðmundur Hermann Salbergsson	VM Félag vélstjóra og málmæknimanna
Magdalena Samsonowicz	Efling stéttarfélag
Þorvarður Bergmann Kjartansson	VR
Hulda Björnsdóttir	FVSA

**Varastjórn**

Inga Fanney Rúnarsdóttir	Verkalýðsfélag Grindavíkur
Birkir Snær Guðjónsson	AFL Starfsgreinafélag
Elín Ósk Sigurðardóttir	Verkalýðsfélag Suðurlands

**Kjörnefnd**

Margrét Júlía Óladóttir	FSVA
Þórir Gunnarsson	VR – starfsmaður ASÍ
Auður Alfa Ólafsdóttir	VR – starfsmaður ASÍ

**Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG** spyr hvernig kjöri til eins og tveggja ára í þessari kosningu sé háttað.

**Halldór Oddsson, lögfræðingur ASÍ** svara fyrirspurn á þann veg að það sé fundarins að ákveða en hann leggur til að gert sé eins og hefðin boðar að raðað sé eftir röð þeir fimm efstu sem fá flest atkvæði séu kosnir til tveggja ára en næstu fjórir þar á eftir til eins árs.

**Fundarstjóri** ber upp þessa tillögu varðandi fyrirkomulag stjórnarkjörs og er hún samþykkt af fundinum og verður því fylgt við kjörið. Fundarstjóri opnar kosningu og minnir þingfulltrúa á að kjósa þurfi 9 nöfn til þess að seðill teljist gildur.

**Halldór Oddsson, lögfræðingur ASÍ** tekur til máls og ítrekar að skrá þurfi níu nöfn, hvorki fleiri né færri, til þess að kjörseðill teljist gildur.

**Starfsmaður** deilir hlekk á kosningu í spjall þings og kosning hefst.

Ábending berst frá **Karen Birnu Ómarsdóttur, stjórn ASÍ-UNG**, þess efnis að þeir sem eru í framboði fái að kynna sig fyrir fundinum. Fundarstjóri ber það upp við fundinn og er það samþykkt.

**Arnar Helgi Magnússon, Báran**, tekur undir orð Karenar og óskar eftir kynningu frá frambjóðendum.

**Starfmaður ASÍ-UNG** tekur að sér að kynna frambjóðendur til leiks sem segja þá nokkur orð um sig.

**Alma Pálmadóttir, Efling** kynnir sig. Hún hafi setið í stjórn ASÍ-UNG í fjögur ár. Hún hafi verið trúnaðarmaður á sínum gamla vinnustað þar sem hún var í 14 ár í þjónustu við aldraða. Hún starfi nú sem félagsfulltrúi hjá Eflingu, stéttarfélagi. Hún sé því bæði félagsmaður og starfi á skrifstofunni. Mjög skemmtilegt sé að starfa í stjórn ASÍ-UNG og hún mæli fyllilega með því.

**Gundega Jaunlinina, Verkalýðsfélagið Hlíf** kynnir sig og segist hafa verið í stjórn ASÍ-UNG undanfarin tvö ár. Hún hafi lært mikið og finnst það bæði spennandi og gaman enda nauðsynlegt að raddir Ungs fólks heyrast í verkalýðshreyfingunni.

**Sindri Már Smárason, AFL Starfsgreinafélag** kynnir sig en hann hefur setið í stjórn í tvö ár. Segir þetta bæði fróðlegt og skemmtilegt. Var áður trúnaðarmaður í starfi.

**Ástþór Jón Ragnheiðarson, Verkalýðsfélag Suðurlands** byrjar á að hrósa þeim sem fara gegn uppstillingu, þær séu í eðli sínu leiðinlegar. Segist sjálfur hafa komist í stjórn á þann hátt fyrir tveimur árum. Hefur verið í tvö ár í

stjórn, einnig í ETUC Youth Committee og setið í efnahags- og skattanefnd ASÍ. Hann hafi lært mikið á þessum tveimur árum.

**Guðmundur S. Bekk, Stéttarfélag Vesturlands** segist vilja komast inn í stjórn ASÍ-UNG til þess að halda áfram góðu starfi.

**Lilja Hrönn Gunnarsdóttir, VR.** Er ekki fulltrúi á fundinum og kynnir sig því ekki. Starfsmaður segir þó frá því að hún hafi komið fram óskum um að starfa með ASÍ-UNG ásamt því að hún hafi tekið þátt í námskeiðinu Ungir leiðtogar á síðasta ári.

**Aron Máni Nindel Haraldsson, Félag tæknifólks í rafiðnaði** kynnir sig sem formann RSÍ-UNG. Hann sé rafvirki og hann vilji halda áfram góðu starfi RSÍ-UNG í gegnum starf ASÍ-UNG.

**Guðmundur Hermann Salbergsson, VM Félag vélstjóra og málmæknimanna,** tók þátt í námskeiðinu Ungum leiðtogum og kynntist þannig bæði starfinu og stjórn ASÍ-UNG. Þetta hafi ávallt heillað hann og segist tilbúinn að taka þátt í því starfi.

**Magdalena Samsonowicz, Efling stéttarfélag** er ekki fulltrúi á þinginu en býður sig fram til stjórnar. Hún er starfsmaður Eflingar.

**Þorvarður Bergmann Kjartansson, VR** kynnir sig. Er tölvunarfræðingur. Hefur setið í stjórn VR á annað ár og hefur þar unnið að atvinnulýðræði.

**Hulda Björnsdóttir, FVSA** kynnir sig. Hefur verið trúnaðarmaður í fjögur ár og sat í trúnaðarráði fyrir og er nú í varastjórn félagsins. Hefur mikinn áhuga á starfinu, finnst það bæði skemmtilegt og áhugavert.

**Inga Fanney Rúnarsdóttir, Verkalýðsfélag Grindavíkur** kynnir sig. Er 29 ára og vinnur á sambýli. Er formaður ungmennaráðs Verkalýðsfélags Grindavíkur. Hefur áhuga á að taka þátt í starfi ASÍ-UNG og sjá hvernig þetta virkar innan frá.

**Birkir Snær Guðjónsson, AFL Starfsgreinafélag** hefur verið í stjórn í tvö ár, situr einnig í stjórn Afis starfsgreinafélags. Fór á námskeiði Ungir leiðtogar og getur ekki mælt nógu mikið með því námskeiði. Hvetur alla til að taka þátt í því.

**Elín Ósk Sigurðardóttir, Verkalýðsfélag Suðurlands** kynnir sig. Er búin að vera í varastjórn ASÍ-UNG í tvö ár og langar að halda áfram í því. Starfar einnig sem félagsliði og er trúnaðarmaður og í stjórn Stéttarfélags Vesturlands, formaður deildar ríkis- og sveitarfélagsstarfsmanna.

Margrét Júlía Óladóttir, FSVA. Hefur setið í stjórn ASÍ-UNG í tvö ár og er einnig í stjórn FSVA og fór einnig á Unga leiðtoga og mælir eindregið með því. Segir þetta hafa verið mjög gefandi starf.

Starfsmaður kynnir Þóri Gunnarsson og Auði Ölfu, sem séu starfsmenn ASÍ en uppfylli öll skilyrði þess að sitja í kjörnefnd.

**Fundarstjóri** kynnir niðurstöðu kosninga. Sjálfkjörið var í varastjórn og kjörnefnd en niðurstaða í kosninga til aðalstjórnar er eftirfarandi:

<b>Aðalstjórn</b>		<b>Kjörtímabil</b>
Gundega Jaunlinina	Verkalýðsfélagið Hlíf	2020-2022
Alma Pálmadóttir	Efling	2020-2022
Guðmundur Hermann Salbergsson	VM Félag vélstjóra og málmæknimanna	2020-2022
Aron Máni Nindel Haraldsson	Félag tæknifólks í rafiðnaði	2020-2022
Hulda Björnsdóttir	FVSA	2020-2022
Magdalena Samsonowicz	Efling stéttarfélag	2020-2021
Lilja Hrönn Gunnarsdóttir	VR	2020-2021
Ástþór Jón Tryggvason	Verkalýðsfélag Suðurlands	2020-2021
Þorvarður Bergmann Kjartansson	VR	2020-2021

**Varastjórn**

Inga Fanney Rúnarsdóttir	Verkalýðsfélag Grindavíkur	2020- 2021
Birkir Snær Guðjónsson	AFL Starfsgreinafélag	2020- 2021
Elín Ósk Sigurðardóttir	Verkalýðsfélag Suðurlands	2020- 2021

**Kjörnefnd**

Margrét Júlía Óladóttir	FSVA
Þórir Gunnarsson	VR – starfsmaður ASÍ
Auður Alfa Ólafsdóttir	VR – starfsmaður ASÍ

Önnur mál

**Fundarstjóri** opnar á liðinn önnur mál.

**Gundega Jaunlinina, stjórn ASÍ-Ung** þakkar fyrir þingið og segist hlakka til að vinna áfram með stjórninni næsta kjörtímabil. Nú séu allir reynslunni ríkari með rafræna uppsetningu á þingi.

**Formaður RSÍ-Ung** hafi samband símleiðis við Halldór Oddsson og óskaði eftir að færð yrði til bókar athugasemd um fyrirkomulag kosninga á þingum ASÍ-Ung þar sem velja þurfi níu frambjóðendur til aðalstjórnar. Ekki er nánar gerð grein fyrir athugasemd hér þar sem samtalið fór aðeins fram milli tveggja aðila.

Þingslit

**Fundarstjóri** slítur 6. þingi ASÍ-Ung.



## Skýrsla stjórnar ASÍ-UNG 2018-2020

Stjórn ASÍ-UNG 2018-2020

Sjórn var kjörin á 5. þingi ASÍ-UNG í september 2018.

#### **Fulltrúar í stjórn voru:**

Aðalbjörn Jóhannsson	Framsýn
Eiríkur Þór Theodórsson	Stéttarfélag Vesturlands
Alma Pálmadóttir	Efling stéttarfélag
Gundega Jaunlinina	Verkalýðsfélagið Hlíf
Karen Birna Ómarsdóttir	Aldan stéttarfélag
Margret Júlía Óladóttir	Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni
Sindri Már Smáráson	Afl Starfsgreinafélag
Ástþór Jón Ragnheiðarson	Verkalýðsfélag Suðurlands
Margrét Arnarsdóttir	Félag ísl. rafvirkja

#### **Varastjórn**

Kristinn Örn Arnarson	Efling stéttarfélag
Ólafur Ólafsson	Eining-Iðja
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir	Eining-Iðja
Birkir Snær Guðjónsson	Afl Starfsgreinafélag
Elín Ósk Sigurðardóttir	Stéttarfélag Vesturlands

#### **Kjörnefnd**

Bóas Ingi Jónasson	Félag málmíðnaðarm. Akureyri
Dagný Aradóttir Pind	Félag tæknifólks í rafiðnaði
Einar Sveinn Kristjánsson	VM Félag vélstjóra- og málmæknimanna

Stjórn skipti með sér verkum og sinnti Aðalbjörn Jóhannsson formennsku fram í febrúar 2019. Eiríkur Þór Theodórsson tók við hlutverki formanns fram í september 2019 þegar . Gundega Jaunlinina tók svo við formennsku. Stjórn fundar reglulega og hefur sú hefð hefur skapast að bæði aðal- og varamenn í stjórn eru boðaðir á fundi stjórnar og hefur meiri hluti stjórnarfólks tekið þátt í fundum félagsins. Nokkur breyting varð á stjórn ASÍ-UNG á árinu þar sem nokkrir stjórnarmeðlimir hurfu frá störfum.

Starf ASÍ-UNG var með hefðbundnu sniði. Covid-19 setti þó talsverðan svip á starfið á vormánuðum 2020 voru fyrirhugaðir viðburðir og verkefni að mestu blásin af.



## Fastanefndir ASÍ

Stjórn ASÍ-UNG tilnefnir fulltrúa í allar fastanefndir ASÍ. Haustið 2019 ákvað stjórn að skipa aftur í nefndir þar sem nokkrar breytingar höfðu orðið á stjórn og einhverjir stjórnarmenn horfið frá störfum.

## Skipan ASÍ-UNG í fastanefndir ASÍ 21.11.2019

Fastanefnd	Aðalmaður	Varamaður
Alþjóðanefnd	Gundega Jaunlina	
Efnahags-, skatta- og atvinnumálanefnd	Ástþór Jón Ragnheiðarson	Ólafur Ólafsson
Húsnæðisnefnd	Sindri Már Smárason	
Jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd	Margrét Júlía Óladóttir	Kristinn Örn Arnarson
Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd	Alma Pálmadóttir	Karen Birna Ómarsdóttir
Mennta- og kynningarnefnd	Aðalbjörn Jóhannsson	Elín Ósk Sigurðardóttir
Umhverfis- og neytendanefnd	Margrét Arnarsdóttir	Birkir Snær Guðjónsson
Skipulags- og starfsháttanefnd	Eiríkur Þór Theodórsson	Hafdís Erna Ásbjarnadóttir

## Breytt skipan ASÍ-UNG í fastanefndir ASÍ 21.11.2019

Fastanefnd	Aðalmaður	Varamaður
Alþjóðanefnd	Gundega Jaunlinina	Sindri Már Smárason
Efnahags-, skatta- og atvinnumálanefnd	Ástþór Jón Tryggvason	Ólafur Ólafsson
Húsnæðisnefnd	Sindri Már Smárason	Gundega Jaunlinina
Jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd	Birkir Snær Guðjónsson	Ástþór Jón Tryggvason
Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd	Alma Pálmadóttir	Karen Birna Ómarsdóttir
Mennta- og kynningarnefnd	Elín Ósk Sigurðardóttir	Ástþór Jón Tryggvason
Umhverfis- og neytendanefnd	Margrét Arnarsdóttir	Elín Ósk Sigurðardóttir
Skipulags- og starfsháttanefnd	Eiríkur Þór Theodórsson	Hafdís Erna Ásbjarnadóttir

## Verkefni og viðburðir

Stjórn ASÍ-UNG kom að fjölda viðburða þar sem fjallað var um málefni Ungs fólks á vinnumarkaði út frá ólíkum forsendum. Viðburðirnir voru ýmist staðbundnir eða stafrænir.

### Vinnuhelgi stjórnar á Selfossi

Stjórn hélt vinnuhelgi á Selfossi í byrjun febrúar þar sem starfið næsta árið var skipulagt. Meðal þess sem var ákveðið var að hefja vinnu við nýja vefsíðu, standa viðburðum um hugðarefni Ungs fólks á vinnumarkaði, efla viðveru á samfélagsmiðlum og sýnileika innan hreyfingarinnar. Þá var einnig lögð áhersla á að styrkja innviði ASÍ-UNG til þess að efla starfið.

### Ertu með vinnuna í vasanum?

ASÍ-UNG efndi til fundar og pallborðsumræðu um skilin milli vinnu og einkalífs í Stúdentakjallaranum, þann 26. mars 2019. Fundurinn var haldinn í Stúdentakjallaranum þann 26. mars síðastliðinn. Á fundinum var reynt að draga fram ólík sjónarmið og bjóða gestum að ræða við ólíka hópa um hvort og þá hvaða áhrif tæknin hafi á skilin milli vinnu og einkalífs. Á málþinginu viljum við draga fram ólík sjónarmið og bjóða gestum að ræða við fulltrúa ólíkra hópa um hver og hvort tæknin sé farin að hafa áhrif á mörkin milli vinnu og einkalífs.

Með erindi og í pallborði voru, Helgi Dan Stefánsson, sérfræðingur hjá BHM, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, Ragnheiður Kolviðsdóttir, félagsfræðingur, Halldór Oddsson, lögfræðingur ASÍ og Ingibjörg Loftsdóttir, sérfræðingur hjá Virk. Fundarstjóri var Eiríkur Þór Theodórsson, formaður ASÍ-UNG.

### Ungir leiðtogar - námskeið

Ungir leiðtogar er námskeið sem ætlar er að fræða Ungt fólk um verkalýðshreyfinguna og efla það sem leiðtoga, bæði á vinnumarkaði og breiðari vettvangi. Námskeiðið sem var nú haldið í annað sinn var unnið í samvinnu við Félagsmálaskóla alþýðu. Efnið er sniðið að Ungum félögum í verkalýðshreyfingunni, starfsfólki stéttarféлага og Ungu fólki í trúnaðarráðum. Þátttakendur voru öflugir og áhugasamir einstaklingar frá stéttarfélögum víðsvegar um landið og þótti námskeiðið heppnast vel.

Námskeiðið sem áætlað var að halda vorið 2020 féll niður vegna Covid-19.

### Hamfarahlýnun / CPow

ASÍ-UNG tók virkan þátt í CPOW, heimstátaki alþjóðaverkalýðshreyfingarinnar, ITCU, gegn hamfarahlýnun af mannavöldum. Um var að ræða herferð á samfélagsmiðlum þar sem þátttakendur voru hvattir til að vekja máls á efninu á sínum vinnustað.

### PubQuiz/spurningaleikir

ASÍ-UNG stóð fyrir nokkrum spurningarkeppnum (e. PubQuiz) á árinu. Í tengslum við 43. þing ASÍ var öllum þingfulltrúum var boðið til þátttöku á sportbarnum Ölveri, í tengslum við 1. maí hátíðahöld í Borgarnesi, var fólki boðið til leiks á B59 og svo í tengslum við Lýsu á Akureyri í september 2019 var áhugasömum boðið á Götubarinn í léttan leik. í september 2019.

### Hringrásarhagkerfið

ASÍ-UNG efndi til sófaspjalls um hringrásarhagkerfið í Stúdentakjallaranum þann 13. nóvember. Fjallað var um hringrásarhagkerfið og hvaða áhrif það gæti haft á vinnumarkað framtíðarinnar. Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingur á sviði loftslagsmála og

græns samfélags flutti opunarerindi og að því loknu tók við sófaspjall þar sem gestir tóku þátt í umræðum með spurningum og/eða athugasemdum.

Fulltrúi í ETUC-Youth Committee

Ástþór Jón Ragnheiðarson, stjórnarmaður í ASÍ-UNG, var settur fulltrúi ASÍ í ETUC-Youth Committee. Um er að ræða nefnd innan evrópsku verkalýðshreyfingarinnar sem hefur það hlutverk að efla Ungt fólk á vinnumarkaði og tryggja að rödd þess heyrir. Í tengslum við það tók hann þátt í námskeiði/ráðstefnu í Portúgal í lok janúar þar sem þessi mál voru til umfjöllunar.

Covid-19 – kynningarefni á samfélagsmiðlum

Á vormánuðum lét ASÍ-UNG útbúa kynningarefni fyrir samfélagsmiðla þar sem fjallað var um réttindi Ungs fólks á vinnumarkaði í því ástandi sem skapaðist vegna Covid-19. Meðal þess sem tekið var á voru réttindi vegna veikinda barna, réttindi til launa í sóttkví, réttur til hlutabóta og réttindi námsmanna í hlutastörfum.

Viðauki 2 – Þingfulltrúar

**Aðalfulltrúar**

VM Félag vélstjóra og málmæknimanna  
VR  
Fél. verslunar- og skrifstofuf. Akureyri og nágr.  
Félag íslenskra rafvirkja  
Félag rafeindavirkja  
Félag tæknifólks í rafiðnaði  
Rafiðnaðarfélag Norðurlands  
GRAFÍA  
Efling stéttarfélag  
Vlf. Hlíf  
Vlf. Grindavíkur  
Stéttarfélag Vesturlands  
Vlf. Snæfellinga  
Verk Vest  
Aldan stéttarfélag  
Eining-löjja  
Framsýn stéttarfélag  
AFL Starfsgreinafélag  
Vlf. Suðurlands

Guðmundur Hermann Salbergsson  
Selma Árnadóttir  
Halldór Óli Kjartansson  
Þór Hinriksson  
Oddur Þór Unnsteinsson  
Aron Máni Nindel Haraldsson  
Þorsteinn Jón Thorlacius  
Haraldur Örn Arnarson  
Alma Pálmadóttir  
Gundega Jaunlinina  
Inga Fanney Rúnarsdóttir  
Elínu Ósk Sigurðardóttur  
Margeir Ingi Rúnarsson  
Guðbjörg Svandís Prastardóttir  
Gunnar Freyr Þórarinsson  
Guðbjörg Helga Andrésdóttir  
Heiða Elín Aðalsteinsdóttir  
Birkir Snær Guðjónsson  
Ástþór Tryggvason

**Aukafulltrúar**

VR  
Fél. verslunar- og skrifstofuf. Akureyri og nágr.  
Vlf. Hlíf  
Stéttarfélag Vesturlands  
AFL Starfsgreinafélag  
Vlf. Suðurlands

Þorvarður Bergmann  
Margrét Júlía Óladóttir  
Guðmundur H. Gestsson  
Guðmundur S. Bek  
[Sindri Már Smáráson](#)  
Einar Aron Kjartansson

**Varafulltrúar**

VR  
FVSA  
Vlf. Hlíf  
Vlf. Grindavíkur  
Aldan stéttarfélag  
Eining-löjja

Friðrik Boði Ólafsson  
Hulda Björnsdóttir  
Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson  
Jón Unnar Viktorsson  
Karen Birna Ómarsdóttir  
Sara Katrín Sandholt